

Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Kletti, Mosfellsbæ, þann 1. desember 2025, kl. 17:30.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Grétar Eggertsson yrði kjörinn fundarstjóri. Það var samþykkt og tók hann til starfa og gerði tillögu um að Tómas Sigurðsson yrði kjörinn fundarritari. Það var einnig samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann og tölvupósti til félagsmanna og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

Á fundinn mættu rúmlega 80 félagsmenn.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins, sem er hægt að lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

<https://de.cdn-website.com/42c3174b7a6048aca975ad0ccdd5b1a9/files/uploaded/Sk%C3%BDrsla+stj%C3%B3rnar+2025.pdf>

Kári gerði sérstaka grein fyrir könnun meðal félagsmanna, en niðurstöður hennar voru birtar á heimasíðu klúbbsins:

3. Áritaðir reikningar kynntir

Steinþór Pálsson, gjaldkeri félagsins kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2024 til 31. október 2025. Reikningarnir ásamt áritun hafa verið birtir á vefsíðu félagsins:

<https://de.cdn-website.com/42c3174b7a6048aca975ad0ccdd5b1a9/files/uploaded/%C3%81rsreikningur+2025.pdf>

Heildartekjur félagsins námu 433,4 m.kr. og rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu 381,1 m.kr. Fjármagnskostnaður á árinu var 31,6 m.kr. og styrkur frá Mosfellsbæ vegna framkvæmda nam 5,3 m.kr. Afkoma félagsins á liðnu rekstrarári var þannig jákvæð og nam hagnaður félagsins 25,9 m.kr. samanborið við 27,7 m.kr. hagnað á fyrra ári.

Steinþór fór yfir rekstrarreikning félagsins og gerði grein fyrir sundurliðun á öðrum tekjum, sem eru einkum tekjur af veitingasölu, sem og vörunotkun. Tekjur jukust um 13,6% og rekstrargjöld um 13% á milli ára.

Þá gerði Steinþór grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikningi félagsins. Eignir í árslok námu 963,6 milljónum króna og bókfært eigið fé félagsins í lok rekstrarársins nam 514,8 m.kr.

Loks fór Steinþór yfir skýringar með reikningum félagsins og gerði grein fyrir helstu atriðum í sundurliðunum.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Eiríkur Þorláksson kom í pontu og hrósaði stjórn og starfsfólki fyrir góðan rekstrarárangur og greinargóða framsetningu reikninga. Skuldum hefur verið haldið í hófi og þær lækkað. Gott væri að sjá fjármagnskostnaðinn lækka um ríflega 20% frá fyrra ári. Á liðnum sex árum hefði klúbburinn greitt ríflega 200 m.kr. í vaxtagjöld. Hann vakti athygli á að skuldir standi nánast í stað – en dýrt sé að skulda, eins og kemur fram í athugasemd á bls. 10, en biðlán sem tekið var á árinu 2020 til sex ára upp á 100 m.kr. stendur nú í um 140 m.kr. Þessi eina tala sýnir vel hve dýrt er að skulda.

Eiríkur vakti sérstaka athygli á að framlag Mosfellsbæjar hefði lækkað og hvatti til þess að stjórn myndi gæta að því að kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir fari ekki fram úr áætlun. Sérstaklega var spurt um samkomulag um greiðslu Mosfellsbæjará kostnaði við vallarframkvæmdir.

Þá vakti Eiríkur athygli á því að tekjur af vallargjöldum í Bakkakoti eru hærri en vallargjöldin sem greidd eru fyrir leik á Hlíðarvelli.

Eins var ánægjulegt að sjá hve miklar tekjur klúbburinn hefur af útleigu golfherma.

Að lokum hvatti Eiríkur stjórn til þess að halda skuldum í hófi.

Bára Einarsdóttir spurði á fyrra ári um salerni í Bakkakoti. Hún vakti athygli á því að brugðist hafi verið vel við þeirri ábendingu og hrósaði sérstaklega bættu aðstöðu í þeim efnum í Bakkakoti.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum lið.

Reikningar og skýrsla stjórnar voru samþykkt einróma.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru lagðar fram til breytinga á lögum félagsins.

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri klúbbsins, kynnti rekstraráætlun fyrir 2025-2026, sem gerir ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 476 kr. og að rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 411,8 m. kr. fjármagnsgjöld verði 32 m. kr. og hagnaður fyrir fjármagnsliði verði 32,5 m.kr.

Ágúst skýrði frá fyrirhuguðum framkvæmdum og fjárfestingum á vegum klúbbsins, frágangur á 1. og 2. braut og nýir teigar á 7. og 8. braut í Bakkakoti. Gert er ráð fyrir frekari fjárfestingu í tækjum til viðhalds beggja valla. Farið verður í lagfæringar á glompum á Hlíðarvelli.

Ósóttir eru styrkir frá Mosfellsbæ upp á 35 mkr. sem ráðgert er að standi undir jafnháum kostnaði við uppbyggingu á Hlíðarvelli.

Fram kom að nú séu yfir 1.000 manns á biðlista í Mosfellsbæ. Haraldur spurði hvort til greina kæmi að veita umsækjendum búsettum í Mosfellsbæ forgang af biðlistum. Í svari Ágúst kom fram að það hefði verið athugað og að höfðu samráði við lögmenn þætti það stangast á við jafnræðisreglur að mismuna félagsmönnum eftir búsetu.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Ágúst Jensson kynnti tillögu stjórnar að félagsgjöldum næsta árs:

Félagsaðild með fullri leikheimild	169.000 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	123.000 kr.
70 ára og eldri (Full leikheimild)	130.000 kr.
69 ára og eldri (Hálf leikheimild)	96.000 kr.
Börn 12 ára og yngri	35.000 kr.
Börn 13 - 20 ára	43.000 kr.
Ungmenni 19 - 26	90.000 kr.

Þá var gerð tillaga um aukaaðild, sem kosti 60.000 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verða félagsmönnum til reiðu, innifaldir í félagsgjöldum, sem takmarkist þó við 1.500 bolta á félagi með aukaaðild.

Enginn tók til máls um tillöguna.

Gengið var til atkvæða um tillögu stjórnar að félagsgjöldum næsta árs og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Írunn Ketilsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs en Íris Ösp Björnsdóttir gaf kost á sér í hennar stað. Engin mótframboð bárust. Stjórn GM 2025-2026 er því skipuð þannig:

Kári Tryggvason, formaður var kosinn til eins árs.

Þessir stjórnarmenn voru kosnir á fundinum til tveggja ára:

Siggeir Kolbeinsson
Guðjón Karl Þórisson
Íris Ösp Björnsdóttir

Þessir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi 2024:

Andrea Jónsdóttir
Arna Rún Kristjánsdóttir
Steinþór Pálsson

Varamenn, sem voru kjörnir til eins árs:

Einar Már Hjartarson
Arnór Daði Rafnsson
Elín Gróa Karlsdóttir
Björn Óskar Guðjónsson

Skoðunarmenn reikninga voru kosin:

Björk Jóhannsdóttir og
Elín Rósa Guðmundsdóttir

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar

Í aga- og kjörnefnd voru kosin:

Aganefnd

Sigurður Geirsson
Guðrún Leósdóttir og
Elín Rósa Guðmundsdóttir.

Til vara:

Björn Óska Guðjónsson
Gunnlaugur Júlíusson

Kjörnefnd:

Helga Steinunn Hauksdóttir

Óskar Sæmann Axelsson og

Þorvaldur Borgar Hauksson

10. Önnur mál

Kristján Sturluson steig í pontu. Hrósaði stjórnendum klúbbsins fyrir árangurinn. Hann vakti máls á fyrirtækjamótum sem haldin eru á völlum klúbbsins, einkum í Bakkakoti, sem hann vonaðist til að væru ábatasöm fyrir klúbbinn. Hann sagði að mótunum fylgi oft tafir og bið og eins væri umgengni þátttakenda stundum ábótavant. Hann kallað eftir aukinni gæslu á Bakkakotsvelli í tengslum við mót sem þar eru haldin til þess að halda uppi aga og leikhraða. Ágúst Jensson skýrði frá því að til stæði að auka gæslu.

Guðrún Leósdóttir skoraði á stjórnina að ganga úr skugga um að þátttakendur í fyrirtækjamótum kunni að spila golf. Ekki skuli að hleypa hverjum sem er inn á velli klúbbsins, jafnvel fólki sem aldrei hafi snert golfkylfur. Hún óskaði eftir því að stjórnin setja reglur um hvaða kröfur skuli gera til þátttakenda í fyrirtækjamótum um leikhraða, klæðaburð og kunnáttu.

Kári Tryggvason og Ágúst Jensson stigu þessu næst í pontu og veittu Þórdísi Guðrúnu Arthursdóttur nafnbótina félagsmaður ársins 2025. Félagsmenn risu úr sætum og þökkuðu Þórdísi Guðrúnu með lófataki – sem þakkað fyrir sig að því loknu.

Þá veittu þeir viðurkenningar fyrir kylfinga ársins 2025. Eva Kristinsdóttir var valin kvenkylfingur ársins og Kristófer Karl Karlsson var valinn karlkylfingur ársins.

Þá fengu silfurmerki golfklúbbsins þau:

Sigurður Geirsson

Davíð Baldur Sigurðsson

Helgi Pálsson

Snorri Hlíðberg

Kristinn Viðar Sveinbjörnsson

Gísli Karel Eggertsson

Rut Marsibil Héðinsdóttir

Veitt voru verðlaun fyrir mót á árinu:

VITAgolfmótaröðin

Eygerður Helgadóttir og

Jona Yamak

Titleist holukeppnin

Arnór Daði Rafnsson og

Edda Herbertsdóttir

VIKING deildin

Golfnaglar

Loks sagði Ágúst frá áformum um endurbætur á Hlíðarvelli og undirbúningi byggingar á yfirbyggðu æfingasvæði GM.

Fundarstjóri þakkað félagsmönnum fyrir góðan fund og fól formanni að slíta fundi.

Kári Tryggvason færði Írunni Ketilsdóttur, sem vikur úr stjórn, blómvönd og þakkaði henni gott samstarf í stjórninni.

Þá þakkaði hann endurkjör sitt og sleit fundi kl. 19:00.

Grétar Eggertsson
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson
fundarritari